



Ársskýrsla 2016



Umsjón og hönnun: Lífeyrissjóður bænda

Ljósmyndir: Halldóra Ólafs

Kápumynd	Rauðskjöldóttar mjólkurkúr.
bls. 7	Gljúfrafoss.
bls. 8	Hvönn.
bls. 10	Íslensk landnámskensni.
bls. 11	Rauðskjöldótt mjólkurkúr á beit.
bls. 12	Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda.
bls. 14	Hjálsmótt, bröndótt mjólkurkúr.
bls. 15	Skrautlegur íslenskur landnámskani.
bls. 16	Skógafoss.
bls. 17	Krækiberjalyng.
bls. 18	Heyrúllum safnað saman.
bls. 19	Svartskjöldótt mjólkurkúr í grösugum haga.
bls. 20	Svarthuppótt kúr.
bls. 20	Rautt ungneyti.
bls. 21	Dökkkolótt kvíga.
bls. 22	Kvernufoss.
bls. 24	Rauðskjöldóttar mjólkurkúr.
Bls. 54	Svarthuppótt kúr.

Prentun: Litróf ehf.



Lífeyrissjóður bænda, Stórhöfða 23, 110 Reykjavík
Sími 563 1300, lsb@lsb.is, www.lsb.is



Ársskýrsla 2016

Efnisyfirlit

- 4 Stjórn og starfsmenn
- 5 Ávarp stjórnarformanns
- 6 Afkoma - ávöxtun
- 7 Iðgjöld
- 8 Lífeyrir
- 9 Tryggingafræðileg staða
- 10 Verðbréfaeign
- 11 Sjóðfélagalán
- 12 Stjórnarháttayfirlýsing
- 16 Samskipta- og siðareglur
- 18 Fjárfestingarstefna
- 22 Áhættustefna

Ársreikningur 2016:

- 26 Skýrsla stjórnar
- 29 Áritun óháðs endurskoðanda
- 31 Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2016
- 32 Efnahagsreikningur 31.12 2016
- 33 Sjóðstreymi 2016
- 34 Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31.12 2016
- 35 Skýringar

Annual accounts 2016:

- 49 Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments 2016
- 50 Balance Sheet December 31, 2016
- 51 Statement of Cash Flows 2016
- 52 Statement of Actuarial Position December 31, 2016
- 53 Selected Financial Indicators

Stjórn

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fimm manna stjórn Lífeyrissjóðs bænda til fjögurra ára í senn. Einn þeirra er tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnarinnar, einn er tilnefndur af landbúnaðarráðherra, tveir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn er skipaður án tilnefningar. Varamenn eru tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Breytingar urðu á stjórn sjóðsins 1. janúar 2015 en þá hófst nýtt skipunartímabil nýrrar stjórnar til næstu fjögurra ára. Einar Mar Þórðarson fór úr vara-stjórn á árinu 2016 og var sæti hans óskipað í lok ársins.

Í lok árs 2016 voru í aðalstjórn:

Skúli Bjarnason, formaður,
Guðrún Lárusdóttir,
Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir,
Örn Bergsson og
Sara Lind Guðbergsdóttir.

Í varastjórn:

Ívar Pálsson,
Karl Kristjánsson,
Oddný Steina Valsdóttir,
Guðrún S. Tryggvadóttir.

Stjórn ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. ákvæði í samþykktum fyrir sjóðinn. Á árinu 2016 voru haldnir átta stjórnarfundir en frá stofnun sjóðsins hafa 448 fundir verið haldnir.

Starfsmenn

Á árinu 2016 störfuðu eftirtaldir starfsmenn hjá sjóðnum:

Ólafur K. Ólafsson, framkvæmdastjóri.
Borghildur Jónsdóttir, bókhald, láninnheimta og skýrsluskil.
Sigrún Guðjónsdóttir, iðgjaldinnheimta.
Kristín Margrét Kristjánsdóttir, lífeyris- og lánamál.
Áslaug Jóhannsdóttir, skráning iðgjalda og almenn skrifstofustörf.

Ytri endurskoðun fyrir sjóðinn var í höndum PricewaterhouseCoopers ehf. og innri endurskoðun var hjá Ernst & Young ehf.

Á árinu 2015 var endurskoðunarnefnd skipuð þeim Erni Bergssyni, sem var formaður, Þorvaldi Þorsteinssyni og Guðrúnu Sigríði Sigurjónsdóttur.

Tryggingafræðileg athugun var í höndum Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings.

Eignastýringarsamningur var við eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka.

Lífeyrissjóður bænda er aðili að samningi Landssamtaka lífeyrissjóða við hóp lækna um örorkumat, sem Júlíus Valsson læknir er í forsvari fyrir hjá lífeyrissjóðnum.

Greiðslustofa lífeyrissjóða sér um lífeyrisgreiðslur og ýmsar lífeyrisvinnslur fyrir sjóðinn og Init ehf sér um rekstur iðgjalda- og réttindakerfisins Jóakims.

Starfsstöð

Lífeyrissjóður bænda er til húsa að Stórhöfða 23 í Reykjavík en þangað flutti sjóðurinn í lok nóvember 2015 eftir að hafa verið um 20 ár í Bændahöllinni við Hagatorg.



Stórhöfði 23, Reykjavík

Ávarp stjórnarformanns

Hrein eign Lífeyrissjóðs bænda til greiðslu lífeyris nam 31.433 milljónir króna (mkr.) í árslok 2016, lækkaði um 534 mkr. milli ára eða 1,7%. Við gerð ársreikningsins nú er byggt á nýjum reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða þar sem meginreglan er sú að eignir skulu metnar á gangvirði. Samanburðartölur fyrri ára hafa verið endurreiknaðar og lagfærðar til samræmis.

Umskipti urðu í ávöxtun lífeyrissjóða á árinu 2016, borið saman við ávöxtun síðustu ára þegar almennt var há raunávöxtun á eignasafni þeirra. Ávöxtun sjóðsins á árinu var 1,1% en hrein raunávöxtun eftir að rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá var neikvæð um 1,3% á móti 7,8% jákvæðri ávöxtun ársins 2015. Í þessum umskiptum vega þyngst sveiflur í ávöxtun innlendra hlutabréfa og mikil styrking krónunnar gagnvart erlendum myntum. Þrátt fyrir afléttingu gjaldeyrishafta hefur sú styrking haldið áfram. Hjá sjóðnum var því neikvæð ávöxtun á erlendum verðbréfum, sem er rúmlega fimmtungur eignasafns, þegar eignin var umreiknuð í krónur.

Fjárfesting í erlendum verðbréfum felur í sér meiri áhættudreifingu en um leið aukna gjaldeyrissáhettu þar sem skuldbindingar sjóðsins eru alfarið í innlendri mynt. Þrátt fyrir góða ávöxtun á liðnu ári af erlendum eignum í erlendri mynt, þá skilaði sá eignaflokkur neikvæðum fjármunatekjum þegar umreiknað er í krónur. Þegar til lengri tíma er litið, sýnir reynslan hins vegar að þessar sveiflur hafa tilhneigingu til að jafnast út. Það er því óhætt nú sem fyrr að vera bjartsýnn á framtíðina.

Lífeyrissjóðurinn er í eðli sínu langtíma-fjárfestir, sem gefur honum tækifæri til að horfa til langs tíma við val á fjárfestingarkostum. Mikilvægt er því að hafa það í huga þegar ávöxtun einstakra ára er skoðuð. Síðustu fimm árin er hrein raunávöxtun sjóðsins 3,9% að meðaltali á ári, nokkru hærri en þau viðmið sem miðað er við í tryggingafræðilegri úttekt.

Fjöldi virkra greiðandi sjóðfélaga var 2.342 á árinu 2016 og meðaltal fjölda lífeyrisþega, sem fékk greiddan lífeyri á árinu var 3.713.

Áfallin staða sjóðsins var neikvæð um 5,5% af skuldbindingum í lok árs 2016, á móti 1,9% jákvæðri stöðu í lok árs 2015. Heildarskuldbindingar sjóðsins voru 7,4% umfram heildareignir í lok árs 2016, á móti 1,1% 2015. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði umtalsvert á tímabilinu 2013-2015 en lækkaði á árinu 2016 vegna þeirra skýringa sem raktar eru hér að framan.



Skúli Bjarnason

Mikið hefur verið sótt í sjóðfélagalán hjá sjóðnum vegna hagfelldra lánskjara. Sjóðurinn veitir bæði verðtryggð og óverðtryggð sjóðfélagalán í samræmi við veðmörk eigna, að hámarki 30 mkr. til allt að 40 ára. Ekkert hámark er vegna lána á fyrsta veðrétti að uppfylltum öðrum skilyrðum í lánareglum sjóðsins. Heimilt er að lána félagi í eigu sjóðfélaga með sjálfskuldarábyrgð hans ef eignarhlutur hans í félaginu er að minnsta kosti 25%.

Sjóðfélögum, lífeyrisþegum og samstarfsaðilum er óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Skúli Bjarnason
Stjórnarformaður

Afkoma – ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 31.433 milljónir króna (mkr.) í árslok 2016, lækkaði um 534 mkr. milli ára eða 1,7%. Við gerð ársreikningsins nú er byggt á nýjum reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða þar sem meginreglan er sú að eignir skulu metnar á gangvirði. Samanburðartölur fyrri ára hafa verið endurreiknaðar og lagfærðar til samræmis.

Ávöxtun á árinu 2016 var 1,1% sem samsvarar neikvæðri 1,1% raunávöxtun. Hrein ávöxtun, það er þegar rekstrar-kostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum, var 0,8% sem samsvarar neikvæðri 1,3% hreinni raunávöxtun á móti 7,8% jákvæðri ávöxtun ársins 2015. Hrein raunávöxtun síðustu fimm ára er 3,9% að meðaltali á ári og 1,3% síðustu 10 ára.

Hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins voru neikvæðar um 361 mkr. á móti jákvæðum 3.025 mkr. 2015. Þar vega þýngst sveiflur í


hreinum tekjum af eignarhlutum í félögum og sjóðum. Vægi erlendra verðbréfa í safninu var 21,2% í lok árs 2016 og hafði mikil styrking krónu neikvæð áhrif á eignasafnið.

Fjárfesting í erlendum verðbréfum felur í sér meiri áhættudreifingu en um leið gjaldeyris-áhættu þar sem skuldbindingar sjóðsins eru alfarið í innlendri mynt. Þrátt fyrir góða ávöxtun erlendra eigna sjóðsins í erlendri mynt, þá skilar sá eignaflokkur neikvæðum fjármunatekjum 2016 þegar umreiknað er í krónur. Þegar til lengri tíma er litið, sýnir reynslan að þessar sveiflur hafa tilhneigingu til að jafnast út.

Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir, sem gefur honum tækifæri til að horfa til langs tíma við val á fjárfestingarkostum. Mikilvægt er því að hafa það í huga þegar ávöxtun einstakra ára er skoðuð.

Raunávöxtun

	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Hrein raunávöxtun	-1,3%	7,8%	5,6%	2,6%	5,3%	6,2%	5,9%	3,0%	-18,1%	-2,0%	8,0%
Fimm ára meðaltal	3,9%	5,5%	5,1%	4,6%	-0,1%	-1,5%	-1,1%	-1,5%	-0,7%	5,5%	4,9%
Tíu ára meðaltal	1,3%	2,2%	1,7%	1,9%	2,7%	1,7%	-0,1%	-0,8%	-0,2%	2,7%	3,8%



Hrein eign til greiðslu lífeyris og hrein raunávöxtun eignasafns hvers árs.



Gljúfrafoss.

Iðgjöld

Heildariðgjaldagreiðslur námu 665 mkr. samanborið við 622 mkr. árið 2015, hækka um 6,9%. Iðgjöld sjóðfélaga námu 215 mkr., mótframlög 434 mkr. og réttindaflutningar og endurgreiðslur nettó voru ein mkr. Greiðandi virkir sjóðfélagar voru 2.342 á árinu 2016 samanborið við 2.418 á árinu 2015.

Iðgjöld sjóðfélaga eru 4% af launum. Hjá bændum miðast iðgjöld við reiknað endurgjald í landbúnaði eða greidd laun þar sem búrekstrarformi er þannig háttað, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 12/1999.

Réttindaávinnsla

Réttindi í Lífeyrissjóði bændu voru fram til ársloka 2006 í jafnri réttindaávinnslu, þ.e. sjóðurinn var stigasjóður. Frá 1. janúar 2007 reiknast réttindi í krónum samkvæmt töflu sem fylgir samþykktum sjóðsins. Um er að ræða aldurstengd réttindi sem ráðast af aldri sjóðfélaga í réttindamánuði. Allir sjóðfélagar yngri en 25 ára í árslok 2005 fá aldurstengd réttindi og einnig þeir sem ekki uppfylla

skilyrði til jafnrar réttindaávinnslu. Rétt til jafnrar ávinnslu hafa þeir sjóðfélagar sem voru 25 ára og eldri í árslok 2005, höfðu greitt iðgjöld í sjóðinn í tiltekinn tíma fyrir 42 ára aldur og hefur verið úrskurðað viðmiðunariðgjald sem byggt er á greiddum iðgjöldum árið 2003. Réttur í jafnri ávinnslu miðast þá við allt að viðmiðunariðgjaldi en réttindi út á umframiðgjöld eru aldurstengd.

Aldursdreifing

Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga í lífeyrissjóðnum er hár þar sem nýliðun hefur verið lítil. Starfandi sjóðfélögum hefur fækkað og ellilífeyrisþegum fjölgað. Á árinu 2016

voru 19% greiðenda undir 40 ára aldri, 57% voru á aldrinum 40 - 59 ára og sjóðfélagar 60 ára og eldri voru 24%.



Hvönn.

Lífeyrir

Heildarlífeyrisgreiðslur námu 1.449 mkr. á árinu 2016, sem er 5,0% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrir greiddur vegna áunninna réttinda var 1.436 mkr. og jókst um 5,1% milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað á undanförnum

árum og voru 4.166 á árinu 2016. Fjöldi þeirra sem á réttindi í sjóðnum voru í árslok 2016 16.415.


Fjöldi lífeyrisþega

	2016	2015	% br.
Ellilífeyrir	3.080	3.035	1,5%
Örorkulífeyrir	357	312	14,4%
Makalífeyrir	696	727	-4,3%
Barnalífeyrir	33	24	37,5%
Samtals	4.166	4.098	1,7%

Lífeyrisgreiðslur í mkr.

	2016	2015	% br.
Ellilífeyrir	1.221	1.167	4,6%
Örorkulífeyrir	121	93	30,5%
Makalífeyrir	90	103	-13,2%
Barnalífeyrir	4	3	36,4%
Samtals	1.436	1.366	5,1%

Hlutfallsleg skipting lífeyris 2016



Tryggingafræðileg staða

Í tryggingafræðilegri athugun felst að reikna annars vegar áfallnar skuldbindingar miðað við áunninn lífeyrisrétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingar miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er miðað við að ávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysliverðs. Við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda er notað sama vaxtaviðmiðið, 3,5%.


Mat á þeim lífeyrisréttindum sem núverandi sjóðfélagar og lífeyrisþegar hafa áunnið sér kallast áfallin skuldbinding. Mat á skuldbindingum vegna réttinda sem sjóðfélagar munu ávinna sér með áframhaldandi greiðslum iðgjalda til sjóðsins kallast framtíðarskuldbinding. Heildarskuldbindingar lífeyrissjóðs eru þannig samtala af áfallinni skuldbindingu og framtíðarskuldbindingu.

Áfallin staða sjóðsins var neikvæð um 5,5% af skuldbindingum í lok árs 2016, á móti 1,9% jákvæðri stöðu í lok árs 2015. Heildarskuldbindingar sjóðsins voru 7,4% umfram heildareignir í lok árs 2016, á móti 1,1% 2015. Á myndinni um þróun tryggingafræðilegrar stöðu undanfarin fimm ár má sjá að tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði umtalsvert á tímabilinu 2013-2015 en lækkaði á árinu 2016, einkum vegna styrkingar íslensku krónunnar og lakrar ávöxtunar á innlendum hlutabréfamarkaði.

Í lögum nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða segir að leiði tryggingafræðileg athugun í ljós meira en 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Það sama á við ef fyrrnefndur munur er meiri en 5% samfelld í fimm ár. Sjóðurinn er innan þeirra marka.

Tryggingafræðileg staða í m.kr.

Áfallin staða	2016	2015	Heildarstaða	2016	2015
Eignir	28.630	29.380	Eignir	34.962	35.152
Skuldbindingar	30.291	30.291	Skuldbindingar	37.739	35.571
Eignir umfram skuldbindingar	-1661	569	Eignir umfram skuldbindingar	-2.777	-418
% af skuldbindingum	-5.5%	1,9%	% af skuldbindingum	-7,4%	-1,1%



Tryggingafræðileg staða: Þróun heildareigna og skuldbindinga.




Íslensk landnámshænsni.

Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 30.387 mkr. í árslok 2016 samanborið við 29.694 mkr. í árslok 2015. Hlutfall innlendra verðbréfa er 78,8% og erlendra 21,2%. Heildareign í ríkistryggðum bréfum er 35%, þá er ekki meðtalin eign slíkra bréfa í verðbréfasjóðum. Á árinu 2016

ráðstafaði sjóðurinn 6.076 mkr. til lánveitinga og verðbréfakaupa og seldi verðbréf fyrir 3.938 mkr. Kaup verðbréfa umfram sölu nam því 2.138 mkr.

Hlutfallsskipting verðbréfaeignar 31.12 2016





Rauðskjöldótt mjólkurkýr á beit.

Sjóðfélagalán

Á árinu 2016 voru veitt fjögur lán samtals að fjárhæð 95 mkr., sem er fækkun frá fyrra ári en þá voru lánveitingar samtals níu að fjárhæð 294 mkr. Heildarfjárhæð úti-standandi lána í lok ársins var 1.916 mkr. Þegar frá hefur verið dregin 19 mkr. varúðarniðurfærsla.

Sjóðurinn veitir bæði verðtryggð og óverðtryggð sjóðfélagalán í samræmi við veðmörk eigna, að hámarki 30 mkr. til allt að 40 ára. Ekkert hámark er vegna lána á fyrsta veðrétti að uppfylltum öðrum skilyrðum í lánareglum sjóðsins. Í boði er jafngreiðslulán eða lán með jöfnum afborgunum. Af verðtryggðum lánum er heimilt að greiða eingöngu vexti í allt að fjögur ár frá lántökudegi að vali lántaka ef lánstími er að minnsta kosti til 25 ára, í þrjú ár ef lánstími er 20 ár, í tvö ár ef lánstími er 15 ár og í eitt ár ef lánstími er 10 ár.

Auk lána til einstaklinga, veitir sjóðurinn einnig veðlán félögum í eigu sjóðfélaga að því tilskyldu að eignarhlutur hans eða þeirra sé að lágmarki 25% í félaginu og að sjóðfélagi takist á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu.

Aðeins er lánað gegn fasteignaveði, sem sjóðurinn metur næga tryggingu. Til

grundvallar er lagt áætlað söluverð fasteignar samkvæmt mati sem löggiltur fasteignasali framkvæmir að beiðni sjóðsins.

Sjóðurinn getur fallið frá kröfu um verðmat ef lánsupphæð er vel innan viðmiðunar- og öryggismarka. Nái veðsetning ekki 70% af fasteignamati er ekki þörf á verðmati.

Sjóðurinn gætir sérstakrar varúðar við verðmat fasteigna sem talið er að geti verið erfiðar í endursölu og/eða takmarkaður markaður er fyrir.

Ekki er lánað gegn lánsveði.

Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu nýju láni skulu ekki vera umfram 60% af áætluðu söluverði fasteignar án bústofns, greiðslumarks og vélakosts, 45% af áætluðu söluverði íbúðarhúsnæðis utan þéttbýlis, annars allt að 65% háð mati stjórnar hverju sinni, og 30% af áætluðu söluverði á sérhæfðu húsnæði. Hvorki er lánað út á ósamþykktar íbúðir né fasteignir, sem eru með lægra fasteignamat en 4 mkr. Veðsetning íbúðarhúsnæðis og sérhæfðs húsnæðis skal að öðru jöfnu aldrei fara upp fyrir 80% af brunabótamati.



Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda.

Fremri röð frá vinstri: Örn Bergsson, Skúli Bjarnason, formaður, og Ólafur K. Ólafs, framkvæmdastjóri. Aftari röð frá vinstri: Sara Lind Guðbergsdóttir, Guðrún Lárusdóttir og Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir.

Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs bænda

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari reglur um framkvæmd laganna eru í samþykktum sjóðsins. Gildandi lög um sjóðinn og fyrstu samþykktir hans tóku gildi 1. júlí 1999. Gildandi samþykktir tóku gildi 8. júní 2012.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvætt nánari ákvæðum samþykktanna. Skýringar þessar taka mið af gildandi lögum í árslok 2016.

Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum. Sjóðurinn er langtímafjárfestir sem ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

Umboðsskylda

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við gildandi lög og reglur og sannfæringu sína með þeim hætti

að hagsmuna sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins.

Stjórnarmenn og starfsmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, félögum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins.

Stjórnarmaður er ekki bundinn af fyrirmælum þeirra sem tilnefna hann til setu í stjórn sjóðsins.

Stjórnarhættir og stjórnarháttayfirlýsing

Lífeyrissjóður bænda leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari er sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum veittar upplýsingar um stjórnarhætti lífeyrissjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur. Stjórnarháttayfirlýsingin fyrir árið 2016 byggir á þeim lögum og reglum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr.

12/1999, laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða, ákvæða samþykktu sjóðsins, reglna FME þar um, m.a. reglna nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem og 5. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnu af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Lög, reglur og leiðbeiningar sem sérstaklega varða stjórnarhætti sjóðsins

Eftirfarandi er yfirlit yfir löggjöf, stjórnvaldsreglur, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur sjóðsins. Listinn er til upplýsinga en er ekki tæmandi. Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur opinberra aðila sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða er m.a. að finna á vef Fjármálaeftirlitsins (FME).

Lög frá Alþingi

- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Lög nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda.
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi.

Reglur og leiðbeiningar FME

- Reglur FME nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2013 um áhættustýringu samtryggingardeilda lífeyrissjóða.
- Reglur FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2011 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 um mat á hæfi lykilstarfsmanna

Innri reglur sjóðsins

- Samþykktir lífeyrissjóðs bænda.
- Samskipta- og siðareglur.
- Starfsreglur stjórnar.
- Starfsreglur framkvæmdastjóra.
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar.
- Verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna með fjármála-gerninga.
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna.

Siða- og samskiptareglur Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett siða- og samskiptareglur fyrir starfsmenn og stjórnarmenn sjóðsins. Reglunum er ætlað að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaaðrekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í reglunum er meðal annars fjallað

um góða starfshætti, hagsmunaaðrekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga sem og reglur um gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir.

Stjórnskipulag Lífeyrissjóðs bænda

Stjórn Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal annast um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Hún tekur stefnumarkandi ákvarðanir, er varða hag og starfsemi sjóðsins, og annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn mótar innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla. Stjórn ræður forstöðumann endurskoðunardeilda eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innri endurskoðun. Stjórnin ræður enn fremur löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélög til að annast ytri endurskoðun hjá sjóðnum sem og tryggingastærðfræðing til að annast tryggingafræðilega athugun. Meðal annarra mála sem stjórn fjallar um á fundum sínum eru veigameiri fjárfestinga-ákvæðanir sem og tillögur að breytingum á samþykktum, fjárfestingar-, hluthafa- og áhættustefna, lánareglur, fjárhagsáætlun og kynningarmál.

Framkvæmdastjóri Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, veitir honum prókúrumboð og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Ársfundur Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert og eiga allir sjóðfélagar og réttahafar rétt til fundarsetu með málfrælsi og tillögurétt. Á ársfundi skal leggja fram og gera grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi fyrir síðasta starfsár, tryggingafræðilegri athugun, fjárfestingarstefnu sjóðsins og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, tillögum um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir og öðrum málum. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 23. gr. samþykktu sjóðsins. Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins skriflega eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Nánar er fjallað um stjórnskipulag sjóðsins í samþykktum hans sem og í lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda og í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Endurskoðun Reikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Innri endurskoðun sjóðsins er í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðanda. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrirtækja. Endurskoðunarnefnd sjóðsins gerir tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda sjóðsins (ytri endurskoðanda) og innri endurskoðanda.

Tryggingastærðfræðingur Tryggingafræðileg athugun er framkvæmd árlega í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997 og reglugerð 391/1998. Athugunin er framkvæmd af löggiltum tryggingastærðfræðingi samkvæmt samningi við sjóðinn. Með athuguninni er lagt mat á áfallnar skuldbindingar sjóðsins og væntar framtíðarskuldbindingar annars vegar og núverandi eignasafn og vænt iðgjöld og ávöxtun hins vegar.



Hjálmótt, bröndótt mjókurkúr.

Undirnefnd stjórnar, endurskoðunarnefnd

Samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóðir, starfrækja endurskoðunarnefnd. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn. Upplýsingar um nefndina eru á vef sjóðsins. Nefndina skipa Örn Bergsson, bóndi, formaður, Guðrún S. Sigurjónsdóttir, starfsmaður MAST og Þorvaldur K. Þorsteinsson, löggiltur endurskoðandi.

Hlutverk endurskoðunarnefndar:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustjórnun.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.
- Skýrslugjöf endurskoðunarnefndar.

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnan grundvallast á laga-fyrirmælum, leiðbeinandi tilmælum FME og stefnumótun sjóðsins. Áhættustefnan byggir á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, meta, stýra og vakta áhættu í starfsemi sjóðsins, þar sem því verður við komið. Stjórnin leggur áherslu á að áhættustefnan sé virk í starfsemi sjóðsins og er hún árlega tekin til umræðu á vettvangi stjórnar og eftir atvikum til endurskoðunar í heild eða að hluta. Áhersla er lögð á góða yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að starfsmenn sjóðsins hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Mikilvægt er að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu og viðeigandi áhættuþætti við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.

Í áhættustefnunni er fjallað um einstaka áhættuþætti, þeir skilgreindir og gerð er grein fyrir hvernig þeir eru metnir, mældir og vikmörk einstakra áhættuþátta eru tilgreind.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í ársskýrslu og í skýringum í ársreikningi.

Innra eftirlit

Innra eftirlit sjóðsins nær yfir sérhverja aðgerð af hálfu stjórnar, stjórnenda og starfsmanna til að stýra áhættu, þar sem því verður við komið, og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur sjóðsins. Stjórnendur annast skipulagningu og framkvæmd innra eftirlits en að framkvæmd þess koma í raun allir starfsmenn sjóðsins með einum eða öðrum hætti.

Skipulag innra eftirlits tekur mið af reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða og er innra eftirlit sjóðsins yfirfarið árlega af þeim sem annast innri endurskoðun hjá sjóðnum.

Innra eftirlit sjóðsins byggir m.a. á skýrsluskilum, reglulegri upplýsingagjöf, skráðum verkferlum og starfslýsingum, reglum um aðgreiningu starfa, skipulegum aðgangsstýringum og skilvirkri áhættustefnu og áhættueftirliti.

Áhættustefna og áhættustýring sjóðsins er veigamikill þáttur í innra eftirliti. Helstu verkþættir í starfsemi sjóðsins byggja á skriflegum ferlum og starfslýsingum starfsmanna sem auka áreiðanleika og stuðla að fylgni við lög og reglur. Verkferlar og starfslýsingar eru yfirfarnar reglulega. Aðskilnaði starfa og aðgangsstýringum innan sjóðsins er ætlað að draga úr villu- og sviksemiáhættu. Margþætt skýrsluskil, afstemmingar og upplýsingagjöf til opinberra aðila, stjórnar sjóðsins og einstakra stjórnenda veita aðhald í rekstri. Hvað upplýsingakerfi sjóðsins varðar er í gildi öryggisstefna sjóðsins sem nær til meðferðar og varðveislu gagna. Henni er ætlað að tryggja örugga meðferð og varðveislu upplýsinga sem þýðingu hafa fyrir starfsemi sjóðsins. Eftirlitsaðgerðir og sjálfvirk vöktun miða að því að lágmarka áhrif rekstraratvika á upplýsingakerfi. Neyðaráætlun sjóðsins er

ætlað að taka á alvarlegri rekstraratvikum með endurheimt upplýsingakerfa.

Skipan stjórnar og stjórnarmenn

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda er skipuð á fjögurra ára fresti, samkvæmt lögum um sjóðinn. Fjármálaráðherra skipar í stjórn. Stjórnin er skipuð fimm mönnum. Einn skal tilnefndur af Hæstarétti og er hann formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af landbúnaðarráðherra, tveir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn skipaður án tilnefningar. Stjórn sjóðsins skipa Skúli Bjarnason, formaður stjórnar, tilnefndur af Hæstarétti, Guðrún Lárusdóttir, tilnefnd af landbúnaðarráðherra, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir og Örn Bergsson, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands og Sara Lind Guðbergsdóttir, án tilnefningar. Framkvæmdastjóri er Ólafur K. Ólafs.

Sjálfsmat stjórnar Stjórn framkvæmir frammistöðumat á störfum sínum í samræmi við starfsreglur. Niðurstöður eru nýttar af stjórn til að þróa starfshætti og styðja við góða stjórnarhætti. Spurningar lúta að skipan og skipulagi stjórnar, hlutverki og ábyrgð sem og frammistöðu hennar og undirnefndar.

Fjöldi funda og mæting Á árinu 2016 voru haldnir átta stjórnarfundir.

Framangreind stjórnarháttayfirlýsing var samþykkt á fundi stjórnar 26. apríl 2017.



Skrautlegur, íslenskur landnámshani.



Skógafoss.

Samskipta- og siðareglur Lífeyrissjóðs bænda

Samskipta- og siðareglur sjóðsins gilda fyrir starfsmenn og stjórnarmenn og voru samþykktar af stjórn 16. október 2015. Reglum þessum er ætlað að undirstrika tiltekin grunngildi í störfum og starfsháttum stjórnar og starfsmanna sjóðsins.

Ábyrgð:

Stjórn og starfsfólk sjóðsins gera sér ljósa þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón og eftirlit með þeim fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Í ábyrgðinni felst meðal annars að fara í hvívetna eftir þeim lögum og reglum er gilda, að hagsmunir sjóðfélaga séu í fyrirrúmi og að fjárfestingar sjóðsins byggji á góðu viðskiptasiðferði.

Þagnarskylda og meðferð trúnaðarupplýsinga:

Á stjórn og starfsfólki hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, s.s. málefni sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnar- eða starfsmenn sjóðsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Stjórnar- eða starfsmenn eru ábyrgir fyrir því að gögn sem þeir taka við og fara skuli leynt komist ekki í hendur annarra. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Góðir starfshættir:

Stjórn og starfsmenn skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni. Öll störf og aðrar athafnir skulu miða að því að vera lífeyrissjóðnum, sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu til framdráttar. Stjórn og starfsfólk skulu ávallt gæta þess utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem getur vakið efa um hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaða ímynd hans. Fordast ber hvers konar hagsmunaárekstra milli starfa þeirra og annarra athafna eða tengsla utanaðkomandi aðila. Stjórn eða starfsfólk mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða sjóðinn og þá persónulega. Skylt er stjórnar- eða starfsmanni að upplýsa um slík atvik.

Hagnýting trúnaðarupplýsinga:

Stjórn eða starfsfólki er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta.

Viðskiptahættir:

Sjóðurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að eiga góð samskipti við þá aðila sem hann á samskipti við hvort sem um er að ræða iðgjaldagreiðendur, sjóðfélaga, þjónustuaðila

á fjármálamarkaði eða útgefendur verðbréfa. Sjóðurinn leggur áherslu á að ávöxtun fjármuna sjóðsins taki mið af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma. M.a. næst það með góðum samskiptum við aðila á verðbréfamarkaði. Þau samskipti þurfa að vera í samræmi við almennar grunnreglur er tryggja gott viðskiptasiðferði og hagsmuni sjóðfélaga. Lögð er áhersla á að allar kynningar sem tekið er þátt í og önnur samskipti séu hlutlægar, nákvæmar, sannar og í samræmi við lög og almennt siðferði.

Ferðalög:

Eðlilegt er að stjórn og starfsfólk sjóðsins sækji kynningar- og fræðslufundi um fjárfestingar sem skipulagðar eru af þjónustuaðilum bæði innanlands og utan sem eru til þess fallnir að afla sjóðnum upplýsinga um viðskiptatækifæri, valkosti í eignastýringu eða annað er skiptir sjóðinn máli. Efni fundanna verður að vera stutt gögnum sem eru til reiðu á fundunum. Skal gögnunum haldið til haga í minnst eitt ár. Vettvangur funda á ekki að krefjast ferðalaga umfram það sem nauðsynlegt getur talist. Sjóðurinn skal að jafnaði bera kostnað vegna ferða og gistingar. Þjóði skipuleggjendur upp á

útivistar- eða skemmtiatriði, svo sem íþróttar- eða menningarviðburði, í tengslum við slíka fundi skulu þeir viðburðir vera almennt viðeigandi og ganga sem minnst á hefðbundinn vinnutíma.

Gjafir og boð:

Stjórn og starfsfólk er óheimilt að þiggja gjafir, boð eða önnur fríðindi af þjónustuaðilum sjóðsins. Með þjónustuaðilum er átt við alla aðila sem með einhverjum hætti eru í samskiptum eða viðskiptum við sjóðinn. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum eða þegar um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við sjóðinn. Einnig eru undanþegin boð á menningar- eða íþróttaviðburði á starfssvæði sjóðsins, enda sé gætt hófs í umgjörð og viðurgjörningi. Ennfremur er heimilt að þiggja viðeigandi viðurgjörning í tengslum við samskipti við þjónustuaðila.

Annað:

Brot starfsmanna á þessum reglum getur varðar áminningu eða uppsögn.



Krækiberjalyng.



Heyrúllum safnað saman.

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs bænda var endurskoðuð á árinu 2016 og var uppfærð stefna vegna ársins 2017 samþykkt af stjórn 23. nóvember.

Lagalegur grundvöllur

Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999 og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóðs og starfsemi lífeyrissjóða og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar er kveðið á um. Sjóðurinn rekur samtryggingardeild og eru iðgjöld sjóðfélaga 4% af iðgjaldstofni og mótframlag atvinnurekanda 8%. Frá og með 1. júlí 2016 hækkaði mótframlag vegna starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf í 8,5% en framlag er óbreytt hjá sjálfstæðum atvinnurekendum. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og ákvæðum samþykktar sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, sbr. VI. kafla laga nr. 129/1997, 3. t. 3. mgr. 29. gr. og VII. kafla sömu laga.

Forsendur fjárfestingarstefnu

Lífeyrissjóður bænda er fagfjárfestir sem hefur að höfuðmarkmiði að ávaxta eignir sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir

lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga. Við eignastýringu eru fjárfestingakostir metnir með tilliti til arðsemi og áhættu og með hliðsjón af því markmiði að ná ávöxtun umfram tryggingafræðileg viðmið.

Við ákvörðun fjárfestingarstefnu er tekið mið af lífeyrisbyrði og stefnan í grunninn höfð varfærin þar sem mikilvægt er að vel takist til við ávöxtun eigna til að verja áunnin réttindi sjóðfélaga. Stjórn sjóðsins stefnir þó að því að auka réttindi til framtíðar og gerir sér grein fyrir því að það geti falið í sér einhverja viðbótaráhættu umfram það að fjárfesta eingöngu í ríkistryggðum bréfum. Í ríkari mæli er horft til skuldbindinga sjóðsins og reynt að lágmarka líkur á því að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga. Þar skiptir miklu máli líftími skuldbindinga, þ.e. meðalaldur sjóðfélaga. Því er mikilvægt að stefnan taki tillit til samspils eigna og skuldbindinga, sem endurspeglar réttindi sjóðfélaga í framtíðinni. Áfram er mikilvægt að hafa mismunandi eignaflokka í verðbréfasöfnum til að dreifa áhættu. Með því að blanda saman eignaflokkum má ná fram áhættudreifingu.

Fjárfestingarstefnan er mótuð til lengri tíma, til allt að fimm ára, og eignasamsetning er innan vikmarka gildandi stefnu.



Svartskjöldótt mjólkurkúr í grösugum haga.

Mat á áhættu fjárfestingarstefnu

Við mat á áhættu eru helstu áhættuþættir sem snerta eignir og skuldbindingar dregnir upp og er sviðsmyndagreining notuð til að gera grein fyrir mögulegum áhrifum óhagstæðra breytinga. Samkvæmt gefnum forsendum um ávöxtun verðbréfaflokka er vænt raun-ávöxtun til lengri tíma 4,6% en markmið sjóðsins er að ná a.m.k. 3,5% raunávöxtun og að flökt (mælt með staðalfráviki) í ávöxtun sé í samræmi við flökt einstakra eignaflokka sjóðsins á hverjum tíma samkvæmt fjárfestingarstefnunni.

Miðað er við að vænt raunávöxtun innlendra ríkisskuldabréfa sé 2,7% og flökt ávöxtunar sé 7,8%. Flöktið er mælt sem sögulegt flökt frá árslokum 2010 til ágúst 2016. Vænt raunávöxtun annarra innlendra skuldabréfa er með 0,75 prósentustiga álagi á ríkis-

skuldabréf og 25% álagi á flökt. Vænt raun-ávöxtun er því 3,4% og flökt 9,7%. Gert er ráð fyrir því að vænt raunávöxtun erlendra skuldabréfa sé 2,0%, flökt 7,8%, og ávöxtun erlendra hlutabréfa 7,0% og flökt 17,7%. Við mat á væntri raunávöxtun og flökti í ávöxtun erlendra hlutabréfa er miðað við Dimson, Marsh og Staunton (2011).

Áhættuálag á skráð innlend hlutabréf miðað við erlend hlutabréf er metið hálf prósentustig, ávöxtun 7,5%, og vænt flökt helmingi hærra en flökt á erlendum hlutabréfum, 26,6%. Áhættuálag á sérhæfðar fjárfestingar og óskráð innlend hlutabréf er metið hálf prósentustig á innlend hlutabréf, ávöxtun 8%, og flökt tvöfalt hærra en á erlendum hlutabréfum, 35,4%.

Forsendur fyrir væntri ávöxtun

Vænt raunávöxtun Staðalfrávik (flökt)

Innlend ríkisskuldabréf	2,7%	7,8%
Önnur innlend skuldabréf	3,4%	9,7%
Erlend skuldabréf	2,0%	7,8%
Erlend hlutabréf	7,0%	17,7%
Skráð innlend hlutabréf	7,5%	26,6%
Sérhæfðar fjárfestingar og óskráð innl. hlutabréf	8,0%	35,4%
Vænt raunávöxtun og flökt eignasafns	4,3%	5,9%

Markmið um eignasamsetningu



Svarthuppótt kýr.

Í lögum um lífeyrissjóði er gert ráð fyrir að sett séu efri mörk á fjárfestingu í ýmsum tegundum og flokkum verðbréfa. Takmarkanir tryggja dreifingu eigna og eru mikilvæg aðferð til að draga úr áhættu.

Vikmörkin í stefnunni eru höfð nokkuð rúm þannig að þau tryggi ákveðinn sveigjanleika og ekki reyni á þau í sífellu. Þetta fer þó að nokkru eftir tegundum eigna. Við nýtingu vikmarka skal ávallt skoða stöðuna og ákveða viðbrögð áður en reynir á vikmörkin.

Skipting verðbréfaeignar skal miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflunum hér til hliðar. Eignaskipting getur farið tíma- bundið út fyrir tilgreind mörk, meðal annars vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins.

Heimilt er að nýta vikmörk innan fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri sem skapast á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.



Rautt ungneyti.



Dökkkolótt kvíga.

Skipting fjárfestinga á eignaflokka:

	Markmið	Lágmark	Hámark
Flokkar verðbréfa:	%	%	%
Innlán í bönkum og sparisjóðum	3%	0%	15%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	40%	30%	100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3%	0%	10%
Skuldabréf og víxlar fjármálastofnana	6%	0%	15%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	7%	0%	35%
Hlutabréf	28%	0%	40%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða	3%	0%	10%
Önnur verðbréf	10%	0%	30%
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0%	5%
Samtals:	100%		
Hlutabréf, sundurliðun:			
Skráð innlend hlutabréf	8%	0%	15%
Óskráð innlend hlutabréf	4%	0%	10%
Erlend hlutabréf	16%	0%	25%
Samtals	28%	0%	40%
Önnur verðbréf, sundurliðun:			
Skuldabréf fyrirtækja	4%	0%	15%
Erlend skuldabréf	4%	0%	25%
Annað	2%	0%	15%
Samtals	10%	0%	30%



Kvernufoss.

Áhættustefna

Áhættustefna Lífeyrissjóðs bænda var endurskoðuð á árinu 2015 og var uppfærð stefna samþykkt af stjórn 19. febrúar 2015.

Markmið áhættustefnu

Markmið stjórnar Lífeyrissjóðs bænda með setningu áhættustefnu er að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Áhersla er lögð á góða yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir helstu áhættuþætti. Greint er frá skipulagi og ábyrgð er varðar heildaráhættustýringu trygginga-deildar sjóðsins.

Áhættustefnan helst í hendur við fjárfestingarstefnu, þar sem stjórn hefur ákveðið heimild til fjárfestinga. Áhættustefnunni er einnig ætlað að skapa grundvöll fyrir virkri upplýsingagjöf til stjórnar og stuðla að því að stjórn og starfsmenn, sem annast rekstur sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef hún fer út fyrir ásættanleg mörk.

Viðhorf stjórnar til áhættu

Stjórn hefur rætt viðhorf sitt til áhættu og vill tryggja að unnt verði að standa við lífeyrisskuldbindingar sjóðsins þannig að lágmarkaðar séu líkur á að breyta þurfi réttindum sjóðfélaga eða iðgjöldum til lágmarkstryggingarverndar.

Yfirsýn stjórnenda og starfshættir við eftirlit

Stjórn og starfsmenn Lífeyrissjóðs bænda skulu ávallt starfa þannig að hagsmunir allra sjóðfélaga séu teknir fram yfir aðra hagsmuni og starfa af heiðarleika, gegnsæi, varfærni, hagkvæmni og öryggi fyrir sjóðfélagana.

Stjórn

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að starfsemi Lífeyrissjóðs bænda sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Í því felst að stjórn ber endanlega ábyrgð á því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins, meðal annars með því að móta innra eftirlit og skjalfesta ferla.

Hlutverk stjórnar er jafnframt að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfsemi sjóðsins, ásamt því að setja þeim ásættanleg mörk. Í samræmi við það mótar stjórn fjárfestingarstefnu til eins árs, þar sem gerð er grein fyrir áhættuþoli og áhættuvilja í hverjum eignaflokki og áhættustefnu til þriggja ára, sem lagðar eru til grundvallar við eignastýringu sjóðsins.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri starfar í samræmi við starfsreglur sjóðsins og ber hann ábyrgð gagnvart stjórn á því að sjóðurinn starfi eftir þeim lögum og reglum sem um hann gilda, skipulag innra eftirlits sé með þeim hætti sem stjórn hefur samþykkt og áhættustýring sé fullnægjandi ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum. Framkvæmdastjóri heldur utan um verksvið, ábyrgðir og heimildir starfsmanna og tryggir að ábyrgðinni sé deilt með fullnægjandi hætti. Þá skal framkvæmdastjóri einnig móta viðeigandi markmið fyrir áhættustýringu og innra eftirlit og fylgjast með því að eftirlitið sé fullnægjandi og skilvirk.

Eignastýringarsamningur

Lífeyrissjóður bænda er með samning við Arion banka um eignastýringu sem starfsmenn eignastýringar fagfjárfesta annast. Eignum, sem samningurinn tekur til, er stýrt í samræmi við gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni. Unnið er eftir skriflegum verkferlum og verklagsreglum sem hafa það markmið að lágmarka áhættu og ná fram settum markmiðum sjóðsins. Daglega er meðal annars farið yfir það hvort viðskipti hafi verið rétt framkvæmd, hvort neikvæð staða sé á bankareikningum og hvort farið sé út fyrir heimildir fjárfestingarstefnu. Reglulega eru haldnir fundir þar sem farið er yfir ávöxtun, eignastöðu og stefnu í fjárfestingum.

Áhættustýring Arion banka fylgist með því að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu og innan þeirra vikmarka sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Regluvörslu Arion banka er ætlað að tryggja eftirfylgni bankans við lög og reglur sem bankanum ber að fylgja í því sambandi.

Tryggingastærðfræðingur

Árlega framkvæmir tryggingastærðfræðingur, eða sá sem hlotið hefur viðurkenningu FME til slíks starfs, athugun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Hann framkvæmir jafnframt árlega álagspróf þar sem áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins eru metin miðað við fyrirfram skilgreinda álagsþætti.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun starfar sjálfstætt og tekur ekki ákvarðanir sem tengjast daglegri starfsemi sjóðsins. Innri endurskoðun veitir óháða staðfestingu á innra eftirliti sem ætlað er að bæta rekstur sjóðsins. Hún leggur jafnframt mat á skipulag og virkni vöktunar stjórnenda, hvort heildaráhættustýring og

innra eftirlit virki eins og til er ætlast. Stjórn er gerð grein fyrir meginniðurstöðum árlegrar endurskoðunar.

Ytri endurskoðun

Ytri endurskoðun er framkvæmd af löggiltum endurskoðanda sem starfar ekki í þágu sjóðsins að öðru en endurskoðun og innra eftirliti. Markmið ytri endurskoðunar er að komast að raun um hvort ársreikningur gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á reikningsárinu og efnahag í lok þess, að ársreikningur sé saminn í samræmi við ákvæði laga og reglna, sem gilda um starfsemina, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga og reglna varðandi upplýsingaskyldu sjóðsins. Eftir uppgjör ytri endurskoðanda kynnir hann niðurstöður sínar fyrir stjórn sjóðsins.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn sjóðsins og starfar sem samskiptaaðili milli stjórnar, stjórnenda hans og ytri og innri endurskoðenda hans í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast innra eftirliti. Nefndin aðstoðar jafnframt stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður aðili, sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli sjóðsins og innra eftirliti hans ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda sjóðsins. Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki fjórum sinnum á ári og gefur árlega skýrslu til stjórnar.

Áhættuskýrsla

Áhættustýring Arion banka gerir skýrslu ársfjórðungslega um fjárhagslega áhættu sjóðsins. Í fjárhagslegri áhættu (markaðs-áhættu) felst hætta á fjárhagslegu tapi vegna liða innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsvirði fjármálagerninga, svo sem vegna breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla og virði hlutabréfa. Kannaðir eru tilteknir áhættuþættir s.s. vaxta-, markaðs-, gjaldmiðla-, verðbólgu-, mótaðila- og seljanleikaáhætta og hvort eignastýringin sé í samræmi við fjárfestingarstefnu.

Rekstraráhættumat

Til að fylgjast með rekstraráhættu eru þær áhættur, sem fylgja daglegum rekstri, kortlagðar. Í matinu er meðal annars litið til starfsmannaáhættu, áhættu vegna svika, orðsporsáhættu, hættu vegna upplýsingatækni, hættu sem útvistunarsamningar fela í sér og hættu á að sjóðurinn starfi ekki í samræmi við lög og reglur.



Ársreikningur 2016

26	Skýrsla stjórnar
29	Áritun óháðs endurskoðanda
31	Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2016
32	Efnahagsreikningur 31. desember 2016
33	Sjóðstreymi 2016
34	Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2016
35	Skýringar

Hlutverk lífeyrissjóðs

Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999 og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari reglur um framkvæmd laganna eru í samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn rekur samtryggingardeild og eru iðgjöld 4% framlag launþega og 8% framlag atvinnurekanda. Frá og með 1. júlí 2016 hækkaði mótframlag vegna starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf en framlag er óbreytt hjá sjálfstæðum atvinnurekendum. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og samþykktum sjóðsins.

Nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða

Ársreikningur sjóðsins er nú í fyrsta sinn gerður samkvæmt nýjum reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem hefur í för með sér breytingar á mati og framsetningu ýmissa liða reikningsskilanna. Í reglunum er meginreglan sú að eignir skulu metnar á gangvirði og er byggt á þeirri reglu í ársreikningnum. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Heildaráhrif breytinganna eru að skuldabréfaeign sjóðsins, og þar með hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris, miðað við árslok 2015 hækkar um 1.388 milljónir króna (mkr.). Aðrar eignir sjóðsins voru áður metnar á gangvirði og breytast matsaðferðir á þeim eignum því ekki við upptöku nýrra reglna. Áhrif á hreina raunávöxtun er 0,4% til hækkunar. Frekari upplýsingar um áhrif breytinganna er að finna í skýringum nr. 2 og í skýringum sem fylgja viðkomandi eignaflokki.

Fjöldi sjóðfélaga, launagreiðenda og iðgjöld

Fjöldi virkra sjóðfélaga, þ.e. meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu 2016 var 2.342, fjöldi þeirra sem á réttindi í sjóðnum var 16.415 í lok árs 2016 og meðaltal fjölda lífeyrisþega, sem fékk greiddan lífeyri á árinu var 3.713. Heildariðgjöld námu 665 mkr. á móti 622 mkr. árið 2015, hækkuðu um 6,9%. Heildarlífeyrisgreiðslur námu 1.449 mkr. á árinu 2016, sem er 5,0% hækkun frá fyrra ári. Greiddur lífeyrir vegna áunninna réttinda var 1.436 mkr. og jókst um 5,1% milli ára.

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingartekjur námu 361 mkr. á móti 3.025 mkr. árið áður. Í samanburði milli ára munar mestu um 17% styrkingu íslensku krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum, sem olli því að ávöxtun erlendra eigna varð neikvæð. Vægi erlendra verðbréfa í eignasafni sjóðsins var 21,2% í lok árs 2016. Þá varð mikill viðsnúningur í þróun hlutabréfaverðs, til að mynda lækkaði Úrvalsvísitala hlutabréfa um 9% á árinu 2016 en hækkaði um 43% á árinu 2015.

Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 118 mkr. á móti 103 mkr. árið áður. Launakostnaður, þ.m.t. stjórnar og endurskoðunarnefndar nam 64 mkr., þar af voru laun 53 mkr. og launatengd gjöld 11 mkr. Stöðugildi voru fimm á árinu 2016.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 31.433 mkr. í árslok 2016, lækkaði um 534 mkr. milli ára eða 1,7%.

Ávöxtun

Nafnávöxtun á árinu 2016 var 1,1%, sem samsvarar neikvæðri 0,9% raunávöxtun á móti 8,1% raunávöxtun á árinu 2015. Hrein nafnávöxtun, þ.e. ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum var 0,8% sem samsvarar neikvæðri 1,3% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára er 3,9% og síðustu 10 ára 1,3%.

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2016 sýnir að heildarskuldbindingar sjóðsins námu 7,4% umfram heildareignir á móti 1,1% stöðu í árslok 2015. Áfallin staða sjóðsins var neikvæð um 5,5% af skuldbindingum á móti 1,9% jákvæðri stöðu í árslok 2015. Við úttektina er miðað við að ávöxtun

eigna sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Nánari upplýsingar um tryggingafræðilega athugun má sjá í sérstöku yfirliti með ársreikningnum og í skýringu nr. 22.

Lán til sjóðfélaga

Sjóðurinn veitir bæði verðtryggð og óverðtryggð sjóðfélagalán í samræmi við veðmörk eigna, að hámarki 30 mkr. til allt að 40 ára. Ekkert hámark er vegna lána á fyrsta veðrétti að uppfylltum öðrum skilyrðum í lánareglum sjóðsins. Heimilt er að lána félagi í eigu sjóðfélaga með sjálfskuldarábyrgð hans þar sem eignarhlutur hans í félaginu er að minnsta kosti 25%. Heimilt er að greiða eingöngu vexti í allt að fjögur ár frá lántökudegi. Á árinu 2016 voru veitt fjögur lán samtals að fjárhæð 95 mkr. Heildarfjárhæð útistandandi lána í lok ársins var 1.916 mkr. Þegar frá hefur verið dregin 19 mkr. varúðarniðurfærsla.

Stjórnarhættir og áhættustýring

Lífeyrissjóður bænda leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins. Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við sannfæringu sína, gildandi lög og reglur, með þeim hætti að hagsmunum sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins. Við góða stjórnarhætti hefur sjóðurinn til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Sjóðurinn víkur þó að hluta til frá leiðbeiningunum, einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði. Má þar helst nefna atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa, starfskjarastefnu, starfskjaranefnd, tilnefningarnefnd og sérstaka stefnu um samfélagslega ábyrgð. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á www.leidbeiningar.is.

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnan grundvallast á lagafyrirmælum, leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins og stefnumótun sjóðsins. Áhættustefnan byggir á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins þar sem því verður við komið. Stjórnin leggur áherslu á að áhættustefnan sé virk í starfsemi sjóðsins og er hún árlega tekin til umræðu á vettvangi stjórnar og eftir atvikum til endurskoðunar í heild eða að hluta. Áhersla er lögð á góða yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að starfsmenn sjóðsins hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Mikilvægt er að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu og viðeigandi áhættuþætti við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni. Frekari upplýsingar um áhættustýringu sjóðsins er að finna í skýringu nr. 23 í ársreikningnum.

Upplýsingastarf

Eftir áritun ársreiknings birtir sjóðurinn auglýsingu í Bændablaðinu þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og reikningum fyrir liðið ár. Á vefsíðu sjóðsins www.lsb.is má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn, starfsemina, eignasafn, iðgjald, lífeyrisrétt og lánareglur. Þar er einnig að finna öll nauðsynleg umsóknareyðublöð. Launagreiðenda- og sjóðfélagavefur er á vefsíðunni, sem hefur auðveldað samskipti við sjóðinn. Í Lífeyrisgáttinni, sem er aðgengileg í gegnum sjóðfélagavefinn má sjá á einum stað yfirlit yfir réttindi í öllum samtryggingarsjóðum sem sjóðfélaginn á réttindi hjá. Algengt er að fólk eigi réttindi í mörgum lífeyrissjóðum og hefur tilkoma Lífeyrisgáttarinnar gert því auðveldara að fá yfirsýn yfir áunnin réttindi.

Áhrif óvissu í ytra umhverfi

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2016. Unnið var að losun gjaldeyrishafta með það að markmiði að takmarka neikvæð áhrif á íslenskt hagkerfi og í ljósi þess voru heimildir til erlendra verðbréfakaupa rýmkaðar enn frekar undir lok ársins og síðan var höftum aflétt 14. mars 2017 þegar öll höft á einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði voru afnumin, fjármagnsflæði gefið frjálst og hægt verður að fjárfesta erlendis án takmarkana. Eftir standa þó varúðarreglur vegna vaxtamunarviðskipta og takmarkanir á afleiðuviðskipti með íslenskar krónur.

Væntanleg þróun og framtíðarhorfur

Á komandi árum mun lífeyrissjóðurinn hafa áfram að höfuðmarkmiði að ávaxta eignir innan ramma laga og fjárfestingarstefnu sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir þeir atburðir sem hafa verulega þýðingu á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 26. apríl 2017.

Í stjórn Lífeyrissjóðs bænda

Skúli Bjarnason, formaður
Sara Lind Guðbergsdóttir
Guðrún Lárusdóttir
Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir
Örn Bergsson

Framkvæmdastjóri

Ólafur K. Ólafsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016, breytingu á handbæru fé á árinu 2016 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2016 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum lífeyrissjóðsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning lífeyrissjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa lífeyrissjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi lífeyrissjóðsins. Stjórnendum lífeyrissjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni.

Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Reykjavík, 26. apríl 2017.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2016

	Skýr.	2016	2015
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga	3	215.409	203.108
Iðgjöld launagreiðenda	3	434.453	406.199
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	4	914	1.551
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði	4	14.404	11.447
		<u>665.180</u>	<u>622.306</u>
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	5	1.448.909	1.380.213
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	5	5.511	6.407
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	5	620	496
Eftirlaun frá Tryggingastofnun	5	(12.716)	(14.744)
		<u>1.442.323</u>	<u>1.372.371</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	6	(553.695)	1.634.709
Hreinar tekjur af skuldabréfum	7	882.562	1.355.211
Vaxtatekjur af handbæru fé		76.183	81.706
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		10.894	8.220
Ýmsar fjárfestingartekjur		0	1.183
Fjárfestingargjöld	8	(54.514)	(56.029)
		<u>361.430</u>	<u>3.025.000</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	117.914	103.015
		<u>117.914</u>	<u>103.015</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		(533.627)	2.171.919
Hrein eign frá fyrra ári		<u>31.966.259</u>	<u>29.794.340</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u><u>31.432.632</u></u>	<u><u>31.966.259</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Eignir			
Fjárfestingar	2/10-18		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	10-14	12.264.721	11.986.052
Skuldabréf	15-16	18.122.327	17.708.334
		<u>30.387.047</u>	<u>29.694.385</u>
Fjárfestingar		<u>30.387.047</u>	<u>29.694.385</u>
Kröfur	19		
Kröfur á launagreiðendur		155.016	136.487
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		30.148	52.847
Kröfur		<u>185.164</u>	<u>189.335</u>
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	20	4.415	2.049
Ýmsar eignir		<u>4.415</u>	<u>2.049</u>
Handbært fé			
Sjóður og veltiinnlán		969.771	2.105.008
Handbært fé		<u>969.771</u>	<u>2.105.008</u>
Eignir samtals		<u>31.546.397</u>	<u>31.990.777</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir	21		
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		113.765	24.518
		<u>113.765</u>	<u>24.518</u>
Skuldir samtals		<u>113.765</u>	<u>24.518</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>31.432.632</u>	<u>31.966.259</u>
Skuldbindingar utan efnahags			
Aðrar upplýsingar	8,23		
Skuldbindingar utan efnahags	8		
Mat á lífeyrisskuldbindingum	22		

Sjóðstreymi árið 2016

	2016	2015
Inngreiðslur		
Iðgjöld	650.025	615.607
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	83.853	89.024
Aðrar inngreiðslur	39.437	79.286
Inngreiðslur	773.316	783.917
Útgreiðslur		
Lífeyrir	1.449.461	1.365.289
Rekstrarkostnaður	14.096	101.653
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	1.511	2.543
Aðrar útgreiðslur	54.515	102.588
Útgreiðslur	1.519.583	1.572.073
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	(746.267)	(788.156)
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhl. í félögum og sjóðum	316.011	99.502
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(2.529.343)	(4.182.527)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	1.382.009	4.802.317
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	1.403.058	1.320.108
Keypt skuldabréf	(3.546.703)	(1.648.075)
Seld skuldabréf	2.586.001	2.124.336
Ráðstöfun alls	(388.969)	2.515.661
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(1.135.237)	1.727.505
Gengismunur af handbæru fé		
Handbært fé í upphafi árs	2.105.008	377.503
Handbært fé í lok árs	969.771	2.105.008

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31.12.2016

Tryggingafræðileg staða 2016

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	31.432,7	0,0	31.432,7
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	-129,0	0,0	-129,0
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	-570,0	0,0	-570,0
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar	-1.422,7	0,0	-1.422,7
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar	-680,9	-316,8	-997,7
Núvirði framtíðariðgjalda	0,0	6.648,4	6.648,4
Eignir samtals	28.630	6.332	34.962

Skuldbindingar

Eftirlaun	27.254,3	6.413,8	33.668,1
Örorkulífeyrir	1.415,2	733,5	2.148,7
Makalífeyrir	1.611,6	209,1	1.820,7
Barnalífeyrir	10,1	91,1	101,2
Skuldbindingar samtals	30.291	7.448	37.739

Eignir umfram skuldbindingar	(1.661,1)	(1.115,9)	(2.777,0)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	(5,5%)	(15,0%)	(7,4%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	1,9%	(13,6%)	(1,1%)

Tryggingafræðileg staða 2015

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	30.578,5	0,0	30.578,5
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	534,7	0,0	534,7
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	0,0	0,0	0,0
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar	(1.306,4)	0,0	(1.306,4)
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar	(626,6)	(289,5)	(916,1)
Núvirði framtíðariðgjalda	0,0	6.261,5	6.261,5
Eignir samtals	29.180,2	5.972,0	35.152,2

Skuldbindingar

Eftirlaun	25.698,0	5.977,9	31.675,9
Örorkulífeyrir	1.297,7	689,1	1.986,8
Makalífeyrir	1.604,0	200,0	1.804,0
Barnalífeyrir	11,5	92,3	103,8
Skuldbindingar samtals	28.611,2	6.959,3	35.570,5

Skuldbindingar umfram eignir	569,0	(987,3)	(418,3)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	1,9%	(13,6%)	(1,1%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	(1,3%)	(16,7%)	(4,2%)

1. Almennar upplýsingar um sjóðinn

Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari reglur um framkvæmd laganna eru í samþykktum sjóðsins. Gildandi lög um sjóðinn og fyrstu samþykktir hans tóku gildi 1. júlí 1999. Gildandi samþykktir tóku gildi 8. júní 2012. Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvætt nánari ákvæðum samþykktanna. Skýringar þessar taka mið af gildandi lögum í árslok 2016. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs.

Bændur eiga skyldu aðild að lífeyrissjóðnum samkvæmt 3. gr. laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda og skulu allir bændur og makar þeirra er starfa að búrekstri vera sjóðfélagar. Ef makinn er ekki aðili að búrekstrinum og á ekki sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði skal veita honum aðild að sjóðnum óski hann þess skriflega. Bóndi er sá sem stundar búrekstur á lögbyli þar sem hann á lögheimili og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95 (Undanþegnir eru undirflokkar 01.4, 01.5 og 02.02.). Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar er heimilt að veita þeim sem stunda búrekstur utan lögbyla og þeim sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum aðild að sjóðnum enda hafi hlutaðeigandi meirihluta tekna sinna af búrekstri.

Launþegar er starfa við landbúnað skulu vera sjóðfélagar samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um sjóðinn enda eigi þeir ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði. Hafi sjóðfélagi (bóndi) atvinnutekjur af öðru en búrekstri og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði er honum heimilt að greiða iðgjöld af slíkum tekjum til sjóðsins samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laganna.

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris, maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 67 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri og barnalífeyri, ef við á, ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira að uppfylltum ákvæðnum skilyrðum. Andist sjóðfélagi eiga eftirlifandi maki og börn, yngri en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum samkvætt nánari reglum.

Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda og var hún óháð aldri til ársloka 2006 en blönduð, þ.e. bæði jöfn og aldurstengd frá ársbyrjun 2007. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins getur haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er byggt á nýjum reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og er tölum frá fyrra ári breytt til samræmis. Í einhverjum tilvikum hefur verið vikið frá framsetningarformi samkvæmt viðauka 1 í reglunum þegar upphæðir undirliða teljast óverulegar og eru þá felldar inn í aðra undirliði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Fjárhæðir

Fjárhæðir í reikningunum eru sýndar í þúsundum króna, nema í skýringu 22. sem sýnir fjárhæðir í milljónum króna.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum vegna nýrra reglna

Við gerð ársreikningsins nú er byggt á reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í þessum nýju reglum er meginreglan sú að eignir skulu metnar á gangvirði. Á þessari reglu er byggt í ársreikningi þessum og eru samanburðartölur frá fyrra ári lagfærðar til samræmis. Þetta hefur þau áhrif að við breytingar á mati á skuldabréfaeign sjóðsins m.v. árslok 2015 hækkar virði þeirra um 1.388 mkr. Sama hækkun verður á hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris frá fyrra ári. Aðrar eignir sjóðsins voru áður metnar á gangvirði og breytast matsaðferðir á þeim eignum því ekki við upptöku nýrra reglna. Nánari grein er gerð fyrir breytingum í skýringum sem fylgja viðkomandi eignaflokki. Kennitölur hafa verið endurreiknaðar aftur í tímann m.v. nýjar reikningsskilaaðferðir. Hér fyrir neðan má sjá hver hrein raunávöxtun sjóðsins var á hverju ári sl. 5 ár og hver breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris og hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris voru á verðlagi hvers árs, annars vegar miðað við eldri aðferð og hins vegar miðað við nýja aðferð:

	2016	2015	2014	2013	2012
Ávöxtun:					
Hrein raunávöxtun m.v. eldri reglur.....	(0,9%)	8,1%	5,4%	5,6%	5,5%
Hrein raunávöxtun m.v. nýjar reglur.....	(1,3%)	7,8%	5,8%	2,5%	5,1%
Breyting á hreinni eign m.v. eldri reglur.....	(412.309)	2.141.116	1.099.353	1.779.097	1.727.507
Breyting á hreinni eign m.v. nýjar reglur.....	(533.627)	2.171.919	1.275.353	1.076.097	1.816.507
Hrein eign til greiðslu lífeyris - eldri reglur.....	30.166.148	30.578.457	28.437.340	27.337.987	25.558.890
Hrein eign til greiðslu lífeyris - nýjar reglur.....	31.432.632	31.966.259	29.794.340	28.518.987	27.442.890

Reikningsskilaaðferðir frh.....**Erlendir gjaldmiðlar**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands og gengi í lok árs var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
		2016	2015	31.12.2016	31.12.2015
Evra.....	EUR	133,22	145,89	118,80	140,93
Bandaríkjadalur.....	USD	120,39	131,53	112,55	129,28
Sterlingspund.....	GBP	163,41	201,09	138,57	191,60
Sænsk króna.....	SEK	14,09	15,60	12,40	15,35
Norsk króna.....	NOK	14,33	16,32	13,07	14,70
Dönsk króna.....	DKK	17,89	19,56	15,98	18,88

Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum, bundnum bankainnstæðum og öðrum fjárfestingum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að fráðregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á 'Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris' sem áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að fráðregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 8 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknar af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið falla allar þóknarir til fjármálafyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum sjóðsins. Undir þennan lið falla einnig fjárfestingargjöld sem ekki falla undir aðra liði eins og göld vegna húseigna og lóða sem teknar eru til fullnustu greiðslu.

Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok árs, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 17. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Í skýringu nr. 17 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánnum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga á reikningsskiladegi.

Bundnar bankainnstæður

Undir bundnar bankainnstæður er færður sá hluti innlána í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald.

Handbært fé

Handbært fé er fært í efnahagsreiknings á gangvirði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Áhættustjórnun

Lífeyrissjóður bændna hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptastamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru til staðar hjá sjóðnum.

3. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem borist hafa sjóðnum. Áætlað er fyrir ógreiddum iðgjöldum í árslok m.v. fyrri reynslu og eru þau eignfærð sem kröfur í efnahagsreikningi.

4. Réttindaflutningar, endurgreiðslur og framlag ríkis til jöfnunar örorkubyrði

Iðgjöld eru endurgreidd til þeirra sem hafa náð 70 ára aldri, eru ekki sjóðfélagar skv. ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1999 svo og til dánarbúa og greiðenda undir 16 ára aldri. Ennfremur eru endurgreidd mótframlög launagreiðenda á móti þeim launþegaiðgjöldum sem endurgreidd eru. Endurgreiðslur voru óverulegar á árinu.

Réttindaflutningar frá sjóðnum voru óverulegir.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða. Framlag ríkisins fyrir árið 2016 nam 14 mkr.

5. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, það er ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir.

Lífeyrir greinist þannig:	Eftirlaun skv. réttindum	Umsjónarnefnd eftirlauna skv. II. kafla 12/1999	Samtals 2016	Samtals 2015
Ellilífeyrir	1.221.192	67	1.221.258	1.141.150
Makalífeyrir	89.448	12.649	102.097	106.202
Örorkulífeyrir	121.056	0	121.056	126.551
Barnalífeyrir	4.496	0	4.496	6.309
	1.436.193	12.716	1.448.909	1.380.213

Lífeyrisframlag ríkissjóðs

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bændna skal ríkissjóður greiða lífeyri þeirra bændna, sem taka lífeyri skv. II. kafla sömu laga.

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

	2016	2015
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs.....	5.511	6.407

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur greiddu til starfsendurhæfingarsjóðs 0,10% af iðgjaldsstofni vegna ársins 2016. Gjaldið lækkaði frá og með 1. janúar 2016 úr 0,13% af iðgjaldsstofni.

Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

	2016	2015
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats.....	620	496

HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR**6. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum**

	2016	2015
Arður af eignarhlutum í félögum og sjóðum.....	316.011	63.270
Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum.....	(869.133)	1.571.439
	(553.123)	1.634.709
Áhrif gjaldmiðla færð meðal tekna af eignarhlutum í félögum og sjóðum.....	(860.611)	(408.228)

Afkoma 20 stærstu fjárfestinga greinist þannig: *)

	2016	2015
SSgA World IDX EQ-I -EUR.....	(117.490)	35.687
ÍS 15.....	(186.940)	615.937
KMS - Global Equity EUR.....	(154.954)	220.947

Afkoma 20 stærstu fjárfestinga frh.....		
Ríkisverðbréfasjóður - Langur.....	62.544	118.858
Stefnir - Lausafjársgjöldur II.....	21.636	3.601
Stefnir IS5.....	(135.434)	350.625
JPMF Euro Liquidity Fund.....	(105.989)	(21.015)
Reitir fasteignafélag hf.....	47.029	128.152
JPMorgan Liquidity Funds USD.....	(2.858)	0
Wellington Global Equity Research A.....	(26.818)	7.798
Katla Fund Global Value.....	(20.150)	7.164
SSgA World IDX EQ-I -USD.....	4.220	112
Ríkisverðbréfasjóður - millilangur.....	14.941	23.096
JPMorgan F Liq. Funds - USD Treasury Liq. Fund.....	(41.417)	(28.990)
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.....	34.746	49.551
SF V slhf.....	62.740	19.530
Stryx World Growth USD I.....	(14.447)	(6.547)
SÍA II slhf.....	37.245	18.672
Veðskuld II slhf.....	7.406	0
*) Afkoma er samantlagður söluhagnaður, arður og óinnleyst breyting á gangvirði	(513.989)	1.543.175

7. Hreinar tekjur af skuldabréfum

Tekjur flokkaðar eftir verðmatsaðferðum	2016	2015
Gangvirðismunur af skuldabréfum.....	892.704	1.374.412
Niðurfærsla skuldabréfa.....	(10.298)	(2.507)
	<u>882.406</u>	<u>1.371.905</u>
Áhrif gjaldmiðla færð meðal hreinna tekna af skuldabréfum.....	(138.458)	173.926

Hreinar tekjur greinast þannig eftir skuldabréfa	Vaxtatekjur og			Vaxtatekjur og verðbætur		
	Gangvirði	verðbætur	Samtals 2016	Gangvirði	og verðbætur	2015
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	615.856	0	615.856	1.084.424	0	1.084.424
Skuldabréf sveitarfélaga.....	31.799	0	31.799	60.452	0	60.452
Skuldabréf lánastofnana.....	43.621	0	43.621	10.702	0	10.702
Fasteignaveðtryggð skuldabréf.....		87.725	87.725		133.985	133.985
Önnur verðbréf.....	103.405	0	103.405	82.342	0	82.342
	<u>691.276</u>	<u>87.725</u>	<u>882.406</u>	<u>1.155.578</u>	<u>133.985</u>	<u>1.371.905</u>

Öll skuldabréf sjóðsins eru metin á markaðsvirði. Fasteignaveðtryggð skuldabréf eru metin með áföllnum vöxtum og verðbótum.

Breyting á niðurfærslu skuldabréfa greinist þannig:	2016	2015
Niðurfærsla í upphafi árs	19.201	50.000
Endanlega afskrifað á árinu	(10.142)	(33.306)
Breyting á niðurfærslu	<u>10.298</u>	<u>2.507</u>
Niðurfærsla 31.12.2016	<u>19.356</u>	<u>19.201</u>

8. Fjárfestingagjöld

Framtaks- og fasteignafjárfestingar

Lífeyrissjóður bændna hefur undanfarin ár gert samninga um fjárfestingar í framtakssjóðum (private equity funds). Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Útistandandi skuldbinding er 657,8 mkr. í lok árs 2016.

Þóknanir og kostnaður

Þóknanir og kostnaður vegna fjárfestinga:	2016	2015
Eignastýringarþóknun	43.772	43.184
Vörsluþóknun	8.704	8.161
Afgreiðslugjöld og miðlunarþóknanir	2.037	2.818
Upphafskostnaður vegna erlendra sjóða	0	1.866
	<u>54.514</u>	<u>56.029</u>
Áætluð umsýsluþóknun sjóða	121.732	129.227

Áætluð umsýsluþóknun sjóða frh.....

